

4. KAFLI
Gildistaka o.fl.

17. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

18. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Umhverfissráðuneytið, 15. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ
fyrir sorphirðu í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

Sorphreinsunar- og sorppokagjald	kr. 2 000 á hverja íbúð.
Sorpeyðingargjald	kr. 5 000 á hverja íbúð.
Sorphirðugjald samtals:	kr. 7 000 á hverja íbúð.

Sorphirðugjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök miðast við magn úrgangs og er árlega sem hér greinir:

Flokkur 1	einn poki á viku	kr. 7 000
Flokkur 2	2 til 3 pokar á viku	kr. 14 000
Flokkur 3	4 til 10 pokar á viku	kr. 28 000
Flokkur 4	11 til 30 pokar á viku	kr. 56 000
Flokkur 5	31 poki á viku eða fleiri	kr. 112 000

Heimilt er fyrirtækjum þar sem mikið magn úrgangs fellur til að gera sérsamninga við Sorpeyðingarstöðina.

Gjalddagar eru tveir, 5. apríl og 5. október. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af bæjarstjórn Vestmannaeyja 17. desember 1992, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 15. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. stöðubann á Kirkjuteig við Laugarnesskóla frá kl. 08:00 til 16:00,
2. stöðubann á Logafold,
3. stöðvunarskylda á Framnesveg við Vesturgötu.

Ákvörun þessi tekur gildi 20. janúar 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 7. janúar 1993.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um lista yfir þá forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 og lög nr. 45/1991 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stofnun:

Forsætisráðuneyti.

Þjóðhagsstofnun

Menntamálaráðuneyti.

Háskóli Íslands

Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Kennaraháskóli Íslands

Rannsóknaráð ríkisins

Mennta-, fjölbrauta-, verkmennta- og aðrir framhaldsskólar

Staða:

Forstjóri

Aðstoðarforstjóri

Háskólaritari

Forstöðumaður

Aðstoðarrekktor

Framkvæmdastjóri

Rektorar, skólameistarar, skólameistarar

(til starfa annarra en kennslu)

Aðstoðarskólameistarar, yfirkennarar

(til starfa annarra en kennslu)